

## Viðmiðunarreglur um rannsóknir og kannanir í leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar

1. Samkvæmt 21. gr. samþykktar um fræðsluráð tekur sviðsstjóri fræðslusviðs ákvörðun, í samráði við skólastjóra, um hvaða rannsóknir eða kannanir er heimilað að leggja fyrir nemendur og/eða kennara eða annað starfsfólk í skólunum, með hliðsjón af neðangreindum ákvæðum.
2. Rannsakendur skulu hafa góðan fyrirvara á því að leggja fyrir rannsóknir eða kannanir í skólum. Að öðru jöfnu skulu þær rannsóknir og kannanir hafa forgang sem óskað er eftir leyfi fyrir með meira en tveggja mánaða fyrirvara.
3. Þess skal jafnan gætt að rannsóknir og kannanir hafi ekki í för með sér óeðlilega röskun á skólastarfi.
4. Rannsóknir og kannanir á vegum háskóla, ríkis eða sveitarfélaga skulu hafa forgang. Nauðsynlegt er að beiðnum frá þessum aðilum fylgi hver tilgangur kannana eða rannsókna er og hver er ábyrgðarmaður á vegum viðkomandi stofnunar.
5. Rannsakendur skulu leggja fram rannsóknaráætlun þar sem fram kemur tilgangur rannsóknar, hvernig staðið verður að gagnaöflun (s.s. spurningalistar eða viðtalsramma ef við á), hvernig unnið verður úr gögnum og hvernig stendur til að nýta niðurstöður hennar.
6. Jafnan skal þess gætt þegar könnun er heimiluð að fyrir liggi tilkynning til Persónuverndar og/eða leyfi siðanefnda þar sem það á við.
7. Rannsakandi skal með heimild skólastjóra leita samþykkis hjá foreldrum eða forráðamönnum vegna fyrirhugaðra rannsókna og kannana sem nemendum er ætlað að taka þátt í eftir því sem við á.
8. Ef um álitamál er að ræða skal sviðsstjóri fræðslusviðs bera málið undir fræðsluráð.
9. Reglur þessar skulu birtar í skólanámskrá hvers skóla og á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Þannig samþykkt á fundi fræðsluráðs 1. mars 2021